

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
H-prent
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

OG

JARÐAR

Kaus Fönklistann

Það var einmitt árið 1996 sem ég fékk fyrst að kjósa og ég man vel hvað ég kaus. Mamma var þá á kafi í baráttunni með Kvinnalistakönunum ræðandi umhverfismál og dagvistun barna. Það þótti mér ekki mjög spennandi stefnumál og kaus Fönklistann... Arna Lára Jónsdóttir, oddviti Í-listans í bæjarstjórn Ísafjarðar-bæjar er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 10-11.

B3

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 12. júní 2014 · 23. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak



Explorer við Sundahöfn

Þú færð allt til handfæraveiða hjá okkur

- KRÓKAR
- HANDFÆRAGIRNI
- SÖKKUR
- SIGURNAGLAR
- RÖLLUGEMYR
- DÆLUR
- SJÓFATNAÐUR

SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opíð mánudaga til föstudaga 8-18
Opíð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

Kíktu til okkar í Hafnarstræti 9 Ísafirði



Afgreiðslutími:

Virka daga 10:00-22:00

Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Upplifði óheilindi og ódrenglyndi undir lok kjörtímabilsins

Kristín Hálfðánsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, sagðist hafa upplifað „óheilindi og ódrenglyndi“ undir lok síðasta kjörtímabils, á síðasta fundi fráfandi bæjarstjórnar. „Það er eitthvað sem sumir þurfa að lifa við,“ sagði Kristín en fór ekki nánar út í meiningu sína. „Undanfarin fjögur ár í bæjarstjórn hafa verið mér afskaplega lærdómsrík, þau hafa fært mér bæði gleði og trega. Gleðin hefur falist í því að kynna góðu fólki, gera góða hluti og uppskera svo góðan árangur, meðal annars í fjármálum bæjarins, að eftir er tekið á landsvísu. [...] Treginn, sem að ég

nefndi, á við upplifun mína af óheilindum og ódrenglyndi í lok kjörtímabils,“ sagði Kristín.

Kristín sagði að samstarfið við minnihluta bæjarstjórnar hafi gengið afskaplega vel. „Lykillinn að góðum árangri okkar er heppni okkar í vali á bæjarstjóra sem lagði sig í líma við að ganga fram og uppfylla væntingar bæjarstjórnar. Oftar en ekki þurfti hann að vera birtingamynd niðurskurðar og erfiðra og nauðsynlegra aðgerða og leið fyrir það í nýlokinni kosningabaráttu,“ sagði Kristín. Gísli Halldór Halldórsson, fráfandi bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og verðandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar sagði

m.a. á fundinum.

„Einhvern tímann stóð maður einn á móti háværum fjölda samherja, og annarra, til að verja það sem maður taldi grundvallarréttindi. Þá var ekki skemmtilegt að vera til. Það virtist svo miklu auðveldara að gefast bara upp. Einhvern veginn gengur þetta allt yfir og að stormi loknum fylgir því góð tilfinning að telja sig hafa gert það sem rétt var þrátt fyrir tímabundin óþægindi. Á þeim tímamótum sem nú eru hjá mér er sérstök ástæða til að þakka fyrrum samherjum mínum í Sjálfstæðisflokki. Saman höfum við unnið mörg góð verk og oftast náð vel saman. Án þess-

ara samherja væri ég ekki sá sem ég er í dag. Nú skilja leiðir. Frá 16 ára aldri hef ég verið meðlimur í Sjálfstæðisflokki. Nánast allan þann tíma hef ég talið það hlutverk mitt í flokki að reyna að hnika honum til frjálslyndari hatta.

Ég hef flutt tillögur, gegn óheilbrigði kvótakerfisins, á hundrað manna fundum í sjávarútvegshöfð landsfundar þar sem aðeins fjórir fulltrúar voru ekki á snærum kvótahafa. Ég hef flutt tillögur gegn óheilbrigði kvótakerfisins fyrir framan 1000 manna landsfund og fengið stuðning vel yfir þriðjungs atkvæða. Ég hef komið að öðrum

góðum tillögum og nefndarstörfum á landsfundi og margt af því var gott og fór vel. Niðurstaðan er samt sú að í stað þess að færast til frjálslyndari hatta hefur gamli flokkurinn minn því miður færst til frekara íhalds og fátíðs klífuskapar. Hlutverki mínu í Sjálfstæðisflokki er lokið. Ég get ekki meir. Það er við hæfi á þessum síðasta fundi mínum sem bæjarfulltrúi af D-lista að ég hef sent Sjálfstæðisflokki úrsögn mína. Ég þakka kærlega fyrir allt það góða sem ég hef upplifað í þeim flokki,“ sagði Gísli Halldór Halldórsson, verðandi bæjarstjóri.

– harpa@bb.is



Rekkasveitin skálar í vatni úr brunninum. F.v. Gísli Gunnlaugsson, Hjörtur Sigurðsson, Guðmundur Kjartansson, Snorri Hermannsson, Konráð Jakobsson og Ólafur Bjarni Halldórsson.

Einherjabrunnur vígður við Valhöll

Rekkasveit Skátafélagsins Einherja-Valkyrjunnar á Ísafirði kom saman við Valhöll í Tungudal 30. maí síðastliðinn. Tilfnið var vígsla á brunni sem stendur neðan við flötina umhverfis skálann. Hjörtur Sigurðsson, sveitarforingi rekkasveitarinnar, setti fund við brunninn og gaf síðan Ólafi Bjarna Halldórssyni orðið. Ólafur Bjarni lýsti stuttlega brunninum, sem eru fremur sjaldgæfir í dag en hafa lengst af haft bæði táknræna merkingu og gegnt geysimikilvægu hagnýtu

hlutverki. Ólafur Bjarni rifjaði upp að í Gylfaginningu Snorra Sturlusonar megi lesa um heimstréð sem norrænir menn nefndu Ask Yggdrasils.

Við rætur hans stóð Mímisbrunnur. Vatn hans veitti mikla vísu um fortíð, nútíð og framtíð. Urðarbrunnur er brunnur orlaganna þar sem nornir Urður, Verðandi og Skuld dvelja. Þær ráða örlögum manna og goða. Óðinn er húsbóndinn í Valhöll þar sem Einherjar dvelja og Valkyrjur þjóna þeim til borðs. Gildi

brunna er enn mjög mikilvægt og skapar fólki í Asíu og Afríku bætt lífsskilyrði enda er vatn undirstaða alls lífs á jörðinni.

Konráð Jakobsson, fyrrum skálavörður í Valhöll, vígði brunninn og gaf honum nafn með eftirfarandi orðum: „Vatn er það þýðingarmesta á jörðinni. Vatnsból voru víða áningar- og samkomustaðir. Það er mikill heiður og ánægja að vígja þennan brunn. Vatnsból þetta skal Einherjabrunnur heita. Verði þar ávallt nægt og gott vatn.“

Þess var getið að brunnurinn væri minnismerki um alla þá sem hafa gisti í Valhöll síðan skálinn var byggður árið 1929. Eigendur Valhallar unnu saman að smíði hans. Fagvinna var unnin af Erni Smára Gíslasyni og skiltið Einherjabrunnur gerði faðir hans Gísli Gíslason á Patreksfirði. Eigendur Valhallar eru bræðurnir Ólafur Bjarni og Guðmundur Halldórssynir og Örn Smári Gíslason.

Að lokinni vígslu var kveikt bál á varðeldasvæði sem Snorri

Hermannsson vígði. Þá sungu viðstaddir frumortan brag um Snorra og honum til heiðurs en hann hafði nýlega orðið áttræður. Að lokum var komið saman í Valhöll og snæddar veitingar. Höfuðdjás veitinganna var terta sem skeytt var með áletruninni „Einherjabrunnur. Vígður 30. maí 2014.“ Að gömlum sið voru sagðar margar sögur. Helstu sögumenn voru þeir Guðmundur Halldórsson, Snorri Hermannsson og Konráð Jakobsson.

– smari@bb.is

Síðustu sætin í júní

Áfangastaðir sem höfða til allra

★★★★ CLUB AIDA MARMARIS — 12.–26. JÚNÍ

Íbúð með einu svefnherbergi.

14 nætur frá 83.400 kr.

á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

100.800 kr. miðað við tvo fullorðna.

★★★ PIERRE VACANCES ALMERIA — 17.–24. JÚNÍ

Íbúð með tveimur svefnherbergjum.

7 nætur frá 89.900 kr.

á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

105.800 kr. miðað við tvo fullorðna.

★★★ HOVIMA SANTA MARIA TENERIFE — 25. JÚNÍ – 2. JÚLÍ

Íbúð með einu svefnherbergi og morgunverði.

7 nætur frá 102.700 kr.

á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

115.300 kr. miðað við tvo fullorðna.

★★★ MILORDS SUITES BENIDORM — 24. JÚNÍ – 2. JÚLÍ

Íbúð með einu svefnherbergi og sjávarsýn.

7 nætur frá 89.200 kr.

á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

110.800 kr. miðað við tvo fullorðna.

★★★ TRIMAR APARTAMENTS COSTA BRAVA — 25. JÚNÍ – 2. JÚLÍ

Íbúð með einu svefnherbergi.

7 nætur frá 99.900 kr.

á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

125.800 kr. miðað við tvo fullorðna.

Úrval Útsýn býður upp á spennandi sólaráfangastaði sem henta öllum. Við Costa Brava er að finna stórskemmtilega fjölskyldugarðinn PortAventura á meðan hinir menningarsinnuðu geta skoðað Alteia í Albir. Þeir óákveðnu geta jafnvel sameinað strönd og borg í einni ferð. Þú getur fræðst meira um ferðirnar á uu.is, og skráð þig í netklúbb Úrvals Útsýnar til að fá að vita um tilboð og ferðir fyrst af öllum.

Kynntu þér sólarferðir á uu.is



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfur götu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
 Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
 www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Stafræn útgáfa: Á ferð um Vestfirði
Önnur útgáfa: ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndunum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Höfum við gengið til góðs...

...götuna fram eftir veg? spurði Jónas í kvæðinu Ísland, meira en öld áður en lokaskrefið var stigið í sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar, fyrir sjöttíu árum, tímamóta sem minnst verður í næstu viku.

Hvað var það sem hélt lífi í jafn fámennri og fátækri þjóð á útnára heims og kom henni öld eftir öld gegnum hungur og náttúruhamfarir? Í mögnuðu kvæði, í Árnasafni, kemst Jón Helgason svo að orði: „Undrandi renndi ég augum með bókanna röðum: / eljuverk þúsunda, varðveitt á skrifudum blöðum; / hvar sem ég fletti, við eyru mér ölgðu og sungu / uppsprettulindir og niðandi vötn minnar tungu. – Las ég þar sálma og lofsöngva þjóðar í naudum, / lífsvonin eina var samtvinnuð krossinum rauðum, / yfirtak langt bak við ömurleik hungurs og sorgar / ómuðu sætlega strengleikar himneskrar borgar.“ Voru það ef til vill niðandi vötn tungunnar, sem knúðu ráðamenn til að efna til samkeppni um hátíðarljóð í tilefni stofnunar lýðveldisins. Annað sæmði ekki bókabjórðinni.

Pótt einhugur hafi ríkt um stofndag lýðveldisins fór ekki mikið fyrir eindrægninni um kjör fyrsta forsetans á Þingvöllum 1944. Ef til vill sakir einhvers persónulegs ágreinings við forsetaefnið sat stór hluti þingmanna hjá við atkvæðagreiðsluna. Horft til Alþingis í dag virðist stundum litlu hafa miðað.

Sennilega hefur engin þjóð umpólast með jafn skjóttum hætti frá eynd og örbirgð til allsnægtar og óhófs og Íslendingar. Trúlega státa fáir af jafn mikilli ævintýramennsku og framförum og við þann skamma tíma sem liðinn er frá því við sögðum okkur frá dönsku krúnunni.

„Land þjóð og tunga, þrenning sönn og ein.“* Í 17.júní ræðunum mun þjóðin verða mærd af öllum þeim kostum sem hún er sögð búin, öðrum þjóðum fremur, og að án tungumálsins værum við ekki þjóð. Hugum þá að því sem JH segir undir lok kvæðis síns: „Bókfellið velkist, og stafirnir fyrnast og fúna, / fellur í gleymsku það orð, sem er lifandi núna.“ Þurfum við ekki að fara með gát?

Flestar hátíðaræðurnar eiga það sammerkt að gleymast daginn eftir. Það á hins vegar ekki við um gjöfina sem Halldór Gunnar Pálsson, karlakórinn Fjallabráður og þrjátíu þúsund Íslendingar færðu þjóðinni nýverið: Listaverk í myndum, texta, tónlist og söng; dýrgripur, sem ekki verður fullþakkað fyrir og sem ber að halda á lofti og kynna fyrir hverri nýrri kynslóð.

Gangan heldur áfram. Er ekki full ástæða til að íhuga reglubundið, hvort gengið sé til góðs, sér í lagi fyrir þá, sem erfa eiga landið?

Gleðilega þjóðhátíð!

Snorri Hjartarson

s.h.

Spurning vikunnar

Ertu ánægð(ur) með úrslit kosninganna í þínu sveitarfélagi?

Alls svöruðu 594.
 Já sögðu 371 eða 62%
 Nei sögðu 223 eða 38%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Óbreytt verð og sömu nið- urhalsskilmálar hjá Snerpu

Ákvörðun Símans um að rúkka fyrir innlent niðurhal hefur vakið furðu en til þessa hefur einvörðungu verið rúkkað fyrir erlent niðurhal. Björn Davíðsson, framkvæmdastjóri Snerpu, segir að Síminn sé með þessu að einfalda módelið sitt ásamt því að hækka verð. „Ég held að þeir séu að gera allt kerfið að einu og sama módelinu. Niðurhal hefur frá upphafi verið mælt í GSM-kerfinu og núna eru þeir að gera það sama við nettengingarnar. Það er ekki rétt sem ég sé marga halda fram að það sé séríslenskt að rúkka fyrir erlent niðurhal. Takmarkanir á niðurhali þekkjast

víða og eru með margskonar hætti, enda er það ekki óeðlilegt í sjálfsu sér. Það eru bein tengsl milli niðurskjalts og kostnaðar, því meira niðurhal því meiri kostnaður er við þjónustuna,“ segir Björn.

Hann segir Símann jafnframt breytingum á niðurskjalts, ætla að hækka verð. „Þeir hafa hækkað verð reglulega á síðustu árum um 100 til 200 krónur tvisvar á ári en við höfum ekki hækkað verð frá 2009 og ætlum halda okkar striki, bæði í verðum og niðurskjalts. En það eru ákveðnar blikur á lofti í haust. Míla hefur tilkynnt að þeir hækki verð til

okkar og við verðum líklega að láta þær út í verðlagið en það eru óverulega upphæðir,“ segir Björn Davíðsson.

Hann segir fólk ekki átta sig á hvað það er lítið mál að skipta um netþjónustufyrirtæki. „Margir halda að það sé mikið mál að skipta um netþjónustu en það er afskaplega auðvelt mál. Það eina sem þarf að gera er að láta vita og svo sjáum við um rest. Ef fólk vill gefa Símanum merki um að það sé óánæggt með þessar breytingar og vilji heldur versla í heimabyggð þá er þetta kjörið tækifæri,“ segir Björn.

– smari@bb.is

Papeyin á fullu í sumar

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf. gerir út brunnbátinn Papey ÍS sem er eini sérhæfði brunnbáturinn á Íslandi. Verkefni bátsins hafa aukist samhliða auknu fiskeldi á Íslandi. Kristján G. Jóakimsson, verkefnastjóri fiskeldis hjá HG, segir að báturinn sé fyrst og fremst í seiðaflutningum fyrir eldisfyrirtæki á Suðurfjörðunum en Færeyjasiglingar hafa bæst við. „Síðastliðin tvö sumur hefur Papey siglt með seiði frá Íslandi til Færeyja sem hefur verið veruleg búbot fyrir útgerð skipsins og áhöfnina,“ segir Kristján.

Papey er kominn til ára sinna, smíðuð árið 1962, en Kristján segir að þrátt fyrir aldurrinn og takmarkaða burðargetu sinni Papey hlutverki sínu vel. „Báturinn er að virka mjög vel. Áhöfnin hefur náð góðum tökum á seiðaflutningunum og við erum ekki að sjá há afföll seiða sem rekja má til flutninganna,“ segir Krist-



Fyrir skömmu flutti Papey fyrstu laxaseiðin í kvíar Arnarlax í Arnarfirði.

ján. Auk flutninga fyrir önnur fyrirtæki er Papey notuð í verkefni fyrir HG og þá helst flutning á lifandi fiski úr kvíum til slátrunar í Súðavík. Papeyin er gerð út stærstan hluta ársins þó mest sé að gera frá maí og fram í byrjun september og segir Kristján að báturinn verði á fullu í

flutningum fram eftir sumri.

Kristján heldur að verði vöxtur í fiskeldi eins útlit er fyrir í dag sé ljóst að þörf skapist fyrir að stærri og fullkomnari brunnbátur verði keyptur til landsins. Fjórir eru í áhöfn Papeyjar og skipstjóri er Barði Ingibjartsson.

– smari@bb.is

Kjörsókn á Vestfjörðum 2,3% minni en í kosningunum 2010

Kjörsókn í nýliðnum kosningum var með dræmasta móti víða um land þótt hún væri betri á landsbyggðinni en í Reykjavík. Í Reykjavík mættu einungis 66% atkvæðisbærra manna á kjörstað og hefur kjörsókn ekki verið minni í Reykjavík frá árinu 1928. Heildarkjörsókn á landinu var 65,9% sem svarar til 8% minni kjörsóknar en í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Á Vestfjörðum var kjörsókn minni í flestum sveitarfélögum en í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Aukning var aðeins í tveimur sveitarfélögum.

Í Bolungarvík var kjörsókn 76,23% en árið 2010 var hún 82,4%. Á Ísafirði féll kjörsókn úr 80,7% árið 2010 niður í 77,3% í ár. Í Strandabyggð var hins vegar töluvert betri kjörsókn miðað við árið 2010 þegar 72,4% atkvæðisbærra manna kaus. Í ár var kjörsóknin þar 79,8%. Þá var einnig meiri kjörsókn í Súðavíkurhreppi eða 88,19% sem er heilum 10% meira en árið 2010.

Í Vesturbyggð var sjálfkjörið í ár þar sem aðeins einn listi kom fram fyrir kosningarnar en árið

2010 var kjörsókn 82,6%. Í Kaldrananeshreppi var kjörsóknin 80,95% en árið 2010 var hún 72,3%. Í Reykhólahreppi var kjörsóknin nákvæmlega sú sama núna og árið 2010 eða 64,4%. Í Tálknafjarðarhreppi var kjörsóknin 71,4% í ár. Árið 2010 kom aðeins einn listi í boði og var hann sjálfkjörinn. Í Árneshreppi var kjörsóknin 72,3% en 88,4% árið 2010.

Kjörsókn á Vestfjörðum var því töluvert hærri en heildarkjörsókn á landinu eða 75,4%. Árið 2010 var hún 77,7%.



Dagurinn er bara allur annar

Ota haframjölíð er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin. Hafragrautur úr Ota Solgryn



er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

OTA SOLGRYN

Starfsfólk á ratsjárstöðinni á Straumnesi hittist á Ísafirði

Níu manns sem unnu við byggingu ratsjárstöðvarinnar á Straumnesi í Aðalvík komu saman í Húsinu á Ísafirði á fimmtudag í síðustu viku. Ameríski herinn hélt úti ratsjárstöðinni á sjötta áratug síðust aldar. Kristbjörn Eydal er einn þeirra sem vann á Straumnesi, bæði við byggingu stöðvarinnar og eftir að hún var komin í gagnid. Hann segir að einungis fjórir Íslendingar hafi starfað hjá hernum eftir að stöðin var komin í drift. „Við vorum fjórir ýtumenn, tveir uppi á fjalli og tveir niður á Látrum sem sáu um að koma vistum og búnaði úr fjörunni,“ segir Kristbjörn. Illviðrasamt er á Straumnesi og segir Kristbjörn að mest hafi það tekið 11 tíma að komast á ýtunum frá Látrum og út á fjall en um 11 kílómetra langan veg er að fara.

Framkvæmdir við ratsjárstöðina hófust á árinu 1953, eftir að leigusamningur hafði verið gerður við heimamenn um afnot af landi. Þetta varð gríðarlega mikil framkvæmd og



Hópurinn stillti sér upp fyrir ljósmyndara Bæjarins besta fyrr framan veitingahúsið Húsið á Ísafirði. Mikil ánægja var í hópnum með endurfundinn enda margt að spjalla um skemmtilega tíma á Straumnesfjalli.

unnin við geysilega erfiðar aðstæður. Hafnaraðstaða var engin, en tæki og þess háttar voru flutt með tveimur 32 metra uppskipunarprömmum, líka þeim sem notaðir höfðu verið í innrásinni í Normandí árið 1944. Og þarna birtust mönnum stórvirkar vinnuvélar á þeirra tíma mælikvarða; þær stærstu sem sést höfðu á Vestfjörðum og þó víðar væri leitað, segir Friðþór Eydal í afar fróðlegri ritgerð í Árssiti Sögufélags Ísfirðinga, árið 1999. Fyrsta verkefnið var að leggja veg upp á fjallið. Það fer ekki framhjá auga nútíma-mannsins að þetta hefur verið gríðarlegt viðfangsefni. Eftir misheppnaða tilraun til að leggja veg norður í Rekavík bak látur, en aðstæður leyfðu það ekki, var hafist handa við vegagerð upp á fjallið og síðan út eftir því öllu. Enginn vafi er á því að á verðlagi dagsins í dag, hefur slík vegagerð ekki verið unnin fyrir innan við milljarð króna. Svo umsvifamikil er þessi framkvæmd svo augljóslega.

Áttatíu Íslendingar og fimmtíu Bandaríkjamenn unnu við verkið árið 1954 og unnið við vegarlagninguna á vöktum

allan sólahringinn það sumarið.

Parna var beitt öflugustu tækjum sem sést höfðu hér á landi. Ári síðar var hafist handa við uppbygginguna á sjálfu fjallinu. Hús reist og tæki flutt á staðinn. Þær héldu svo áfram næstu árinu. Nokkur bið var eftir tækjum og ratsjárstarfsemin hófst því ekki fyrr en 16. janúar árið 1958. Um frekari framkvæmdir var hins vegar að ræða fram á árið 1958 og stöðugt varbætt við tækjabúnað, amk. alveg fram á árið 1960. Stöðin var að jafnaði mönnuð 100 undirmönnum og 11 liðsforingjum. Í hópi starfsmanna voru Íslendingar. Ekki var ratsjárstöðin starfrækt ýkja lengi. Ný tækni og mikill kostnaður ollu því að hún var lögð niður 27. ágúst 1960. Ratsjárstöðin á Straumnesfjalli er birtingarmynd þeirrar heimsmyndar sem blasti við mönnum á kaldastríðsárunum. Uppbygging sovétshersins var í algleymingi, ekki síst á norðurlóðum. Ratsjárkerfin sem byggð voru upp á Íslandi á þessum tíma, svo sem á Straumnesfjalli höfðu þann tilgang að fylgjast með ferðum Sovétmanna.

– smari@bb.is

SÖLUSÝNING Á FATNAÐI

*Dvalarheimilið Hlíf Ísafirði
Salur félags eldri borgara*

**Föstudaginn 13. júní kl. 14 - 17
Laugardaginn 14. júní kl. 13 - 17**

Við tökum greiðslukort.

- Kvenfatnaður
- Stærðir frá S–3XL
- Herrapeysur
- Ýmislegt fleira spennandi

**Kvartsbuxur
aðeins kr. 6.990**

LOGY.IS

Sími 661 2580



HM DAGAR



Í PRISTI

Full búð af sjónvarpstilboðum

SAMSUNG

TIL DÆMIS:

SAMSUNG UE46/50F5005

LED SJÓNVARP · 100 Hz · Full HD 1920x1080p
· Mega skerpa · Afspilun USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist ·
Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2

TILBOÐ#1:

46" = 159.900

TILBOÐ#2:

50" = 199.900



SAMSUNG UE48/55H6675ST

LED SJÓNVARP · 600 Hz · Full HD 1920x1080p
3D · SMART TV

Skjár: Micro Dimming fyrir betri svartann lit · AllShare: Auðvelt að streyma
frá öðrum raftækjum í Smart TV · Betri örgjörvi: Quad Core tryggir frábært
viðmót í Smart TV · Sérstakt *Football Mode* sem gerir íþróttaviðburði liflegri
· Endalaust úrval af frábærum forritum í Smart Hub · USB upptaka og
afspilun · Tvenn þrívíddargleraugu fylgja með og tvær góðar fjarstýringar
· Hægt að stýra afruglara með sjónvarpsfjarstýringu · Gervihnatta móttakari

TILBOÐ#3:

48" = 249.900

TILBOÐ#4:

55" = 349.900



NÝTT!

2014/2015 módel

Frábær kaup á
mögnuðu tæki!

SAMSUNG UE55F8005

GLÆSILEGT VERÐLAUNATÆKI

**„BESTA SMART TV Á MARKAÐINUM
2013-214“**

LED SJÓNVARP · 1000 Hz · Full HD 1920x1080p

TILBOÐ#5:

55" = 529.900



**VEITUM 20% AFSLÁTT
AF ÖLLUM SAMSUNG HEIMABÍÓUM
við kaup á sjónvörpum á HM-DÖGUM**

PRISTUR ORMSSON

HAFNARSTRÆTI 12 · ÍSAFIRÐI
Sími 456 4751 Sjá nánar: samsungsetrid.is

Múrinn fallinn

Steypti múrinn sem afmarkaði umræðasvæði olíufélaganna við Suðurgötu á Ísafirði er fallinn. Olíudreifing hefur flutt aðstöðu sína á Mávagarð. Sjónarsviptir er af múrnum sem hefur staðið í áratugi og eftir að bandaríska myndlistarkonan Holly Hughes sá um að myndskreyta vegginn fyrir ríflega tíu árum var hann sannkölluð bæjarprýði. Það voru krakkar í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar sem máluðu vegginn umrædda undir leiðsögn Holly en á honum mátti sjá meðal annars víkingaskip, landvætt, fiska, fugla, seli og fleira. Innblástur fyrir listaverkið fékk Holly með því að sitja á höfninni andspænis veggnum með liti og blöð og teikna uppköst og afla hugmynda um hvernig myndskreytingin yrði á endanum.

smari@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

FORSTÖÐUMAÐUR BÚSETU OG SKAMMTÍMAVISTUNAR

Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns í sólarhringsþjónustu (búsetu) og skammtímavistun fyrir fatlaða. Um er að ræða 100% starfshlutfall. Næsti yfirmaður er deildarstjóri á fjölskyldusviði.


Launakjör eru samkvæmt samningum launaneftdar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is, eða hjá Önnu Valgerði Einarsdóttur, deildarstjóra á fjölskyldusviði í síma 450 8000.

Vitnisburður um árangur þjóðar

Bókin Húsin í bænum – Ísafjörður, kom út á föstudag en í henni eru myndir og saga húsa á Ísafirði. Ritstjórn bókarinnar var í höndum Sigurjóns J. Sigurðssonar sem einnig tók allar myndirnar í bókinni og Sigurður Pétursson, sagnfræðingur á Ísafirði ritaði sögu húsa. Bókin er hugsuð fyrir ferðamenn sem og alla Ísfirðinga, jafnt brottflutta sem búandi þar. Í hverri opnu er mynd af húsi og upplýsingar um húsið og staðsetning þess er skilgreind á korti. Bókin er rituð á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku og sá Hlynur Þór Magnússon, blaðamaður um þýðingar. Útgáfa bókarinnar var styrkt af Menningarráði Vestfjarða.

Gaman er að geta þess að sjálfur forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson ritar inngangsorð en hann fæddist á Ísafirði þann 14. maí 1943, sonur Gríms



Kristgeirssonar hárskera og Svanhildar Ólafsdóttur Hjartar húsmóður. Í inngangsorðunum segir hann meðal annars:

„Ísafjörður kynntist togstreitu stéttanna, átökum um kaup og kjör. Svo komu metnaðarfullir hugsjónamenn og reistu tignarleg hús fyrir skóla, samkomur og sund. Gamla sjúkrahúsið og röðin við Túngötuna [er] líka vitnis-

burður um að krepputímar náðu ekki að buga Ísfirðinga. Síðan getur leiðin legið um götur lýðveldis og nýrra tíma; í glæsibýggingar síðari ára – menntaskólan, stjórnsýsluhúsið, fyrirtækin. Gönguferð um Ísafjörð er fróðleg og skemmtileg heimsókn á slóðir sögunnar; húsin vitnisburður um árangur þjóðar.“

– harpa@bb.is

Nótt varð að Degi

Þegar spekingar rýna í úrslit kosninga kemur margt skemmtilegt í ljós. Allar hafa unnið sigur, að minnsta kosti varnarsigur, staðist árásir óvinanna. Almennir virðist mega draga þá ályktun að Sjálfstæðisflokkur hafi sótt í sig veðrið um land allt, þó hvorki í Reykjavík né Ísafjarðarbæ. Þar reyndist niðurstaðan rýr, rúmlega fjórðungur atkvæða og aðeins fjórir borgarfulltrúar. Vart verður Halldóri Halldórssyni fyrrverandi bæjarstjóra á Ísafirði kennt um einum. Pólitísk staða flokksins hefur verið þar dræm á síðasta kjörtímabili, lítill kraftur og Jóni Gnarr tókst að ýta sjálfstæðismönnum út í horn. Þar virtust þeir una sér of vel. Frumkvæði og baráttu skorti og er uppskeran úr kosningum eftir því. Ekki tókst að selja Halldór, sem er þó einnig formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekki verður þó Jón Gnarr sakaður um mikil stórvirki á því eina kjörtímabili sem hann sat. Samt tókst sjálfstæðismönnum ekki að nýta sér afleita skrá um verkefnaleysi meirihlutans.

Vinstri grænir náðu ekki mönnum að í Árborg og á Akranesi, buðu ekki allsstaðar fram, en eiga tvo fulltrúa í Norðurþingi með óháðum. Samfylkingin á talsvert í land með að ná vopnum sínum utan Reykjavíkur. Þar virðist löng talningarnótt hafa orðið að Degi B. Eggertssyni, sem verður næsti borgarstjóri. En Björt framtíð

hlaut aðeins brot af fylgi Besta flokksins og var þó arftaki hans hvernig sem á málin er litið. Einhvern tíma hefði fráfarandi pólitískur leiðtogi haft áhyggjur af slíkri niðurstöðu. En því miður má búast við enn einum brandara úr þeirri átt, þótt sá fyrri hafi misheppnast. Framsóknarflokkurinn er sigurvegari kosninganna í Reykjavík og fær bágt fyrir. Það er aumt að skamma frambjóðendur sem eru kosnir. Með slíkum hætti er verið að gera lítið úr kjösendum þeirra. Mikil og vönduð ræða um trúarsöfnuði og trúhýsi verður að fara fram. Ljótt tal um frambjóðendur Framsóknarflokks er engum sæmandi.

Engu að síður er ljóst að kosningarnar eru sennilega, að Reykjavíkúrslitum frátöldum, góð niðurstaða fyrir Sjálfstæðisflokk og Degi hefur tekist að standa í skugga Jóns Gnarr án þess að fá á sig vont orð. Sama gerði Framsóknarflokkurinn í Ísafjarðarbæ. Minnihluti í meirihluta nýtur þess og losnar við að ber ábyrgð í höfuðstað Vestfjarða og Íslands.

Persónufylgi og góð ára hefur greinilega áhrif á báðum stöðum og ætti að fá forystumenn stjórnmálaflokka til þess að skoða sín mál og flokka sinna. Þannig gæti nótt orðið að degi í næstu kosningum.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakja umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Fjalla

Fjalla ferskt kryddað lambalæri

1298
KR.KG

FJALLA ferskt Kryddað lambalæri

3598
krónur kg.

Kaupfélag Skagfirðinga Frosið lambafillet

BONUS Grillkjöt

Bónus BBQ grísakótilettur

1198
kr. kg.

Bónus BBQ grill grísakótilettur

2013 SLÁTRAD

1198
krónur kg.

KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAÐ

FLATKÖKUR BÓNUS

98
kr 5 stk.

5
stk.

BONUS

Grisakótilettur Hvítlauk & pipar

1398
kr. kg

BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótilettur

BONUS

HANGIÁLEGG KÆLIVARA 0-4°C

459
kr. 170g

ACTILIFT ARIEL

1698
kr. 38 þvottar

HEINZ TOMATO KETCHUP

159
kr 570g

BONUS KORN BRAUÐ

129
kr 500g

Bónus Kornbrauð 500g

17.JÚNÍ
Fáni á priki **98 KR.**

17.JÚNÍ
Stór snuð 70g **198 KR.STK**

17.JÚNÍ
Candyfloss 20g **98 KR.STK**

Egils APPELSÍN

259
kr. 2 ltr.

BONUS PYLSUBRAUÐ

149
kr 5 stk.

X-Large HAMBORGARA BRAUÐ

159
kr 4 stk.

1598
kr 10 stk. 120g

Kjarnafæði Frosnir Nautagripa-hamborgarar 10x120g

NAUTA Veisla

2 x 140g Nautahamborgari Upprunaland Spánn

100% KJÖT

439
kr. boxið

Nautaveislu Nautahamborgarar 2 x 140g

Coca-Cola light

Coca-Cola zero

79
kr. 330ml

Coca-Cola

Mountain Dew

Egils APPELSÍN

MIX

75
kr. 330ml

XXL bebi

pepsi

7 UP

Stefndu á að ná hreinum meirihluta

Í-listinn var ótvíræður sigurvegari sveitarstjórnarkosninganna í Ísafjarðarbæ þann 31. maí. Hann fékk hreinum meirihluta, eða fimm menn kjörna í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, með 44,0% greiddra atkvæða. Athygli vakti að sú breyting var gerð á framboðinu frá fyrri tveimur kjörtímabilum, að ekki var lengur skilgreint hvaða stjórnmálaflokkar standa að samstarfinu. Sú ákvörðun var svo undirstrikuð með vali á bæjarstjóraefni listans, en það var Gísli Halldór Halldórsson, sem setið hefur í bæjarstjórn fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins um langt árabil.

Ísfirðingurinn Arna Lára Jónsdóttir leiddi listann, en hún á að baki langan feril í stjórnmálum, bæði í bæjarpólitík og sem varaþingmaður á Alþingi, þrátt fyrir að hafa fagnað 38 ára afmæli sínu rétt daginn fyrir kosningararnar. Blaðamaður Bæjarins besta tók hana tali í tilefni velgengninnar og spurði hana m.a. hvaða breytinga íbúar Ísafjarðarbæjar megi vænta á kjörtímabilinu. Fyrst er að spyrja hvort hún og meðframboðendur hennar hafi átt von á kosningasigrinum.

Gaman að fá að vera í brúnni

„Já og nei. Við stefndum á að ná hreinum meirihluta og ég trúði því allan tímann að við gætum þetta. Við fundum strax mikinn meðbyr og íbúar tóku vel í okkar stefnumál, þannig að þetta kom ekki beint á óvart þó að það sé aldrei á vísan að róa í þessum málum. Ég held að fólk hafi verið tilbúið í breytingar, enda sama stjórnarmynstrið búið að vera í

18 ár. Mín upplifun var sú, að óvissan lægi einna helst í gengi Bjartrar framtíðar, sem átti góðan möguleika á að ná einum manni inn eins og seinna kom í ljós.“

– Hvernig er tilfinningin?

„Tilfinningin er ólýsanleg og virkilega gaman að fá að vera í brúnni þegar svona vel gengur. Ég er búin að upplifa tvisvar að tapa kosningum naumt, svo þetta varð enn sætara fyrir vikið.“

Margir vildu fremur kjósa fólk

– Hver telurðu að séu áhrifin af því að hafa teft fram þverpólitísku afli í kosningabaráttunni?

„Í aðdraganda kosninga fann ég mikið fyrir því að margir vildu kjósa fólk en ekki flokka, og það að tefla fram þverpólitískum lista hjálpaði án efa mikið.“

– Hverju þakkar þú helst stuðning kjósenda?

„Það er samspil margra þátta sem leiddi til þessa kosningasigurs, og má þar nefna að við settum fram raunsæja stefnuskrá sem við teljum okkur geta staðið við. Ég held að það hafi farið vel í kjósendur að vera ekki með nein stór kosningaloforð, eins og við gerðum.“

Listinn var líka skipaður kraftmiklum hópi fólks sem hefur fjölbreytta reynslu á bakinu, fólki með reynslu af sveitarstjórnarmálum í bland við þá eru að stíga sín fyrstu skref. Það að Gísli Halldór Halldórsson gekk til liðs við okkur undirstrikaði enn frekar þessa þverpólitísku breidd sem við vildum ná fram og ég tel að það hafi orðið til þess að enn fleiri kjósendur ljáðu okkur stuðning sinn.“

Áhersla lögð á íbúalýðræði og opna stjórnsýslu

– Hverjar verða helstu breytingarnar sem bæjarbúar mega eiga von á að verða varir við?

„Við ætlum strax að fara að huga að nærumhverfinu. Við meintum það sem við sögðum, að við ætlum að leggja mikla áherslu á íbúalýðræði og opna stjórnsýslu. Þannig að við förum strax í það að útfæra þær hugmyndir sem fram komu í stefnuskrá okkar um stofnun ungmenningaráðs og öldungaráðs og virkja betur hverfisráðin okkar sem fá aukin völd. Við viljum líka fanga hugmyndir annarra framboða sem lögðu líka áherslu á aukið íbúalýðræði og samræma þær okkar hugmyndum. Við munum leggja mikla áherslu á atvinnumálin og komum til með að leita allra leiða við að auka fjölbreytnina, auk þess að krefjast breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, sem eiga sinn þátt í þeirri miklu byggðaröskun sem hefur orðið á Vestfjörðum.“

– Hvaða verkefni eru brýnust í rekstri sveitarfélagsins að þínu mati?

„Brýnasta verkefni okkar er að halda vel utan um fjármál sveitarfélagsins, auk þess að huga vel að innviðum þess. Traustur fjárhagur er grunnurinn að því að geta veitt góða þjónustu og farið í nauðsynlegar framkvæmdir. Í gegnum niðurskurð síðustu ára hefur viðhaldi víðsvegar í sveitarfélaginu verið ábótavant og þarf að gera bragabót þar á. Einnig verðum við að lækka skuldir til að draga úr vaxtagjöldum. Það kemur öllum bæjarbúum til góða til langs tíma lítið.“

– Hver telur þú vera helstu sóknarfæri sveitarfélagsins?

„Helstu sóknarfæri okkar liggja í nýtingu auðlinda sjávar og náttúru. Miklar breytingar eru framundan í þróun atvinnulífs, sem krefjast tækni og tölvuþekkingar. Við getum náð langt á því sviði ef sammælumst um þá stefnu, en við þurfum almennilega innviði til að nýta okkur þau tækifæri til fulls. Það eru gríðarleg sóknarfæri í fiskeldinu, en þar þurfum við að gæta þess að ofbjóða ekki náttúrunni.“

Mikil samstaða í bæjarstjórninni síðasta árið

– Þegar þú lítur yfir síðasta kjörtímabil, hverju finnst þér hafa fráfarandi bæjarstjórn hafa áorkað og hvað finnst þér hafa betur mátt fara?

„Eitt mesta afrek fráfarandi bæjarstjórnar var að ná stjórn á fjármálum sveitarfélagsins eftir áralangan hallarekstur. Það þurfti að fara í mjög erfiðan niðurskurð og við í minnihlutunum skorðumst ekki undan þeirri ábyrgð. Bæjarstjórnin var sammála um þær aðgerðir sem farið var í og ég held að það hafi orðið til þess að niðurstaðan hafi verið farsælli en ella. Bygging hjúkrunarheimilis er sú framkvæmd sem ég er hvað ánægðust með. Það tók áralanga baráttu að ná eyrum stjórnvalda til að sýna þörfina fyrir hjúkrunarheimili og nú sjáum við fyrir endann á þeim framkvæmdum.“

Ég held að það séu margar brotalamir í stjórnsýslunni sem taka þarf á. Það endurspeglast meðal annars í mannaráðningum, en finna má allnokkur tilvik þar

sem hæfasti einstaklingurinn hefur ekki ráðinn í starf hjá bænum. Einnig er mér ofarlega í huga undirbúningur fimm ára deildarinnar, skipulag skólalóðar Grunnskólans á Ísafirði, tölvusamningurinn við Nýherja og salan á Kaupfélagshúsinu. Allt eru þetta mál sem ég tel að betur hefði mátt fara mun betur.“

– Hvernig leggst samstarfið við nýjan minnihluta í Í-listafólk?

„Mikil samstaða hefur verið í bæjarstjórninni síðasta árið og vonandi getum við áfram byggt á þeim grunni. Við munum allavega leggjum okkur fram um gott samstarf nýjan minnihluta, því við erum öll að vinna að sama markinu að gera Ísafjarðarbæ enn betri. Við þekkjum það vel að vera minnihluta og vonandi getum við nýtt þá reynslu í að gera samstarfið í bæjarstjórninni betra.“

Kosningabaráttan reynir á fjölskyldulífið

Arna Lára er fædd á Ísafirði 30. maí 1976. Foreldrar hennar eru Sigríður Bragadóttir og Jón Veturliðason og á hún fjögur systkini. Sjálf fagnar Arna Lára barnaláni ásamt sambúðarmanni sínum Inga Birni Guðnasyni bókmenntafræðingi. Börnin eru þrjú, Hafdís sem er á sextánda ári, Helena ellefu ára og Dagur eins árs.

– En hvernig samrýmist fjölskyldulífið því að vera í kosningabaráttu?

„Það reynir mjög á fjölskyldulífið að vera í kosningabaráttu. Sem betur fer er ég mjög heppin, en öll fjölskyldan hefur sýnt þessu stjórnmálaþróun minni mikinn

Sælkerar vikunnar eru Iwona Motycka og Kristján Ástvaldsson á Þingeyri

Humarréttur og rjómaterta

Við hjónin ætlum að bjóða upp góðan humarrétt sem er vinsæll í fjölskyldunni og rjómaterta.

500 gr. humar
1 rauð paprika
1 pk. ferskir sveppir
2 stk. chilli
2 dl. vatn
½ ltr. rjómi

Steikt á pönnu í olíu eða smjörlíki. Paprikunni, sveppunum, chili og salt-pípar bætt út í eftir smekk sem og karrý. Rjóma og vatni helt út á látið krauma og setja svo humarinn út í og soðið í ca 3-5 mínútur. Borið fram með hvítlauksbrauði.

Rjómaterta
Hvítir svampbotnar

½ ltr. þeyttur rjómi
1 dós apríkósur
Apríkósurnar skornar í smá bita og rjómi settur með á milli og smurt ofan á. Skreitt að vild. Verði ykkur að góðu.

Við skorum á Jónínu Hrönn Símónardóttur og Sigurjón Hákon Kristjánsson að vera næstu sælkerar.



skilning. Það eru kallaðar til ömmur og langamma til að láta þetta allt ganga upp, sérstaklega þegar einn fjölskyldumeðlima er bara eins árs.“

Arna Lára starfar einnig sem verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Aðspurð segir hún þó það ekki hafa sett strik í reikninginn í aðdraganda kosninganna.

„Nei, það gerði það ekki. Ég gat nýtt orlofsfrí til þess að sinna kosningabaráttunni.“

– En hvernig samrýmist starfið bæjarfulltrúastarfinu? Hefur þú getað nýtt þér starfsreynsluna í starfi þínu í bæjarstjórn?

„Já, ég hef svo sannarlega getað nýtt mér starfsreynslu mína í störfum bæjarstjórnar. Ég hef kynnst og tekið þátt mörgum áhugaverðum verkefnum og hef verið dugleg að miðla þeirri reynslu og þekkingu áfram eftir því sem það á við. Ég hef til dæmis tekið þátt í einu norður-slóðaverkefni á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar, sem fjallar um hagnýtar leiðir til að búa til sjálfbæra orku á dreifbýlum svæðum, sem á sérstaklega vel við hjá okkur. Þar voru m.a. annars varmadælur eitt af umfjöllunar-efnunum. Þessi dýrmæta reynsla og þekking sem ég hef aflað mér á vestfirsku atvinnulífi og samfélagi mun fylgja mér í mínum störfum og vonandi til hagsbóta fyrir Ísafjarðarbæ.“

Áhuginn á pólitík kviknaði snemma

Arna Lára varð stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði árið 1996, hóf nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands sama ár, lauk BA-prófi í þeirri grein árið 2000 og fór síðar í meistaranám í viðskiptafræði í Háskóla Íslands.

– En hvernig kviknaði áhuginn á pólitík?

„Ég fór mjög snemma að hafa áhuga á pólitík. Það var líka mikil pólitísk umræða í menntaskólanum þegar ég var þar við nám. Kaffi Kastró var t.d. rekið í kjallara heimavistarinnar og bekkjarfélagar mínir buðu fram í sveitarstjórnarkosningunum árið 1996 undir merkjum Fönklistans, svo það var ekki hægt annað en blanda sér í umræðuna um pólitík.“

Það var einmitt árið 1996 sem ég fékk fyrst að kjósa og ég man vel hvað ég kaus. Mamma var þá á kafi í baráttunni með Kvinnalistakonum ræðandi umhverfismál og dagvistun barna. Það þótti mér ekki mjög spennandi stefnumál og kaus Fönklistann af því að þeir voru svo skemmtilegir. Dagvistun barna átti ekki mikið upp á pallborðið hjá tuttugu ára ungmenninginu, en mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Í sömu kosningum var kosið um sameiningu sveitarfélaga, sem ég hafði enga skoðun á og var í miklum vandræðum með hvort ég ætti að



segja já eða nei. Í raun er þetta eina skiptið sem ég hef verið í vandræðum með að staðsetja X-ið mitt.

Áhugi minn á pólitík varð svo til þess að ég fór í stjórnmálafræði í Háskóla Íslands. Ég gekk í Samfylkinguna mun seinna eftir að hafa íhugað málið mjög vandlega, en áhugi minn á jafnréttis-

málum og sýn mín á stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu leiddu mig þangað.“

– Ertu alin upp í miklu tali um pólitík?

„Já, það hefur alltaf verið talað mikið um pólitík á mínu heimili. Ég var ekki há í loftinu þegar ég fór á minn fyrsta landsfund hjá Kvinnalistanum í fylgd mömmu.

Einnig voru málin iðulega rædd við matarborðið og hef ég enn gaman að því að taka rimmu um kvótakerfið við afa.“

– Og ein létt spurning að lokum: Hvað er það neyðarlegasta sem kom upp á í kosningabaráttunni?

„Mér skilst að ég hafi mismælt mig allsvakalega á framboðs-

fundinum í Edinborg á Ísafirði, þar sem ég sagði víst í lokaorðum að ég vildi allra síst eiga samráð við íbúa, í stað þess að segja vilja allra helst eiga samráð við íbúa. Ég tók nú ekkert eftir þessu sjálf, en það er gaman að því. Ég mun leggja mig fram við að afsanna þetta á kjörtímabilinu.“

– Thelma Hjaltadóttir.

HG lætur smíða nýjan ísfisktogara

Hraðfrystihúsið-Gunnvör í Hnífsdal (HG) hefur ákveðið að ráðast í nýsmíði á ísfisktogara sem byggður verður í Kína eftir íslenskri hönnun. Skipið mun kosta um 1,5 milljarð króna fullbúið og er gert ráð fyrir því að það verði afhent eftir 18 mánuði. Nýsmíðin var kynnt á fundi í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í síðustu viku, en um talsverð tíma-mót er að ræða það sem þetta er stærsta einstaka fjárfesting sem gerð hefur verið í sjávarútvegi á Vestfjörðum um langa hríð.

Síðasta stóra nýsmíði í vestfirskum sjávarútvegi var fyrir 20 árum síðan þegar Guðbjörg ÍS kom til heimahafnar á Ísafirði haustið 1994. Þörf hefur verið á endurnýjun á hluta skipa HG sem komin eru til ára sinna og hefur undirbúningur þess staðið í nokkurn tíma. Eftir að hafa velt upp möguleikanum á að kaupa notað skip eða að endurbyggja Pál Pálsson, gekk HG til samstarfs við Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum (VSV) árið 2010 um þarfagreiningu varðandi hönnun og smíði á nýjum togurum. Við hönnunina, sem var í höndum Verkfræðistofunnar Skipasýnar og starfsmanna HG



Teikning af nýjum togara HG í mynni Skutulsfjarðar.

og VSV, var lögð megináhersla á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að aðstaða til vinnslu afla væri sem best til að tryggja gæði hráefnisins og nýtingu alls afla, þ.m.t. aukahráefnis s.s. lifrar og slógs. Í annan stað var lögð sérstök áhersla á orkusparnað við hönnun skrokka skipanna og við val á framdriftsbúnaði, auk þess sem togvindur verða rafdrifnar. Sjálfvirkni tækjabúnaðar á millidekki, í lest og við löndun. Að allur aðbúnaður áhafnar verði í samræmi við nútímakröfur.

Niðurstaðan varð sú að skipin verða 50,7 metrar að lengd og 12,8 metra breidd. Vegna nýstárlegrar hönnunar á skrokkum skipanna og mun stærri skrófu heldur en nú tíðkast á þessari stærð skipa, er áætlað að þau hafi um 60% meiri veiðigetu en þau skip

sem þau leysa af hólmi án þess að eyða meiri olíu. Þá verða skipin búin þremur rafdrifnum togvindum og geta því dregið tvö troll samtímis.

HG og VSV leituðu tilboða í smíði á skipunum, frá skipasmíðastöðvum í Danmörku, Norgei, Póllandi, Tyrklandi og Kína og reyndist tilboð frá Huanghai skipasmíðastöðinni í Rongcheng í Kína hagstæðast og tókust samningar við þá stöð.

Í fréttatilkynningu segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG, að síðustu fimmtán ár hafa ekki leyft fjárfestingar félagsins í nýjum skipum. Einar Valur kveður fyrirtækið hafa verið að byggja sig upp með kaupum á veiðiheimum og til lítills sé að ráðast í fjárfestingar í skipum séu nægar veiðiheimildir ekki til staðar.

„Þörfin á endurnýjun ísfiskskipanna helgast af nauðsyn þess að geta þjónað landvinnslu fyrirtækisins sem best með tilliti til góðs hráefnis og rekstraröryggis, enda krefst markaðurinn afurða af góðum gæðum á réttum tíma,“ er haft eftir Einari Val. „Einnig er lykilatriði að ná fram orkusparnaði samfara auknum gæðum hráefnis til að þjóna sífellt auknum kröfum markaðarins, þetta er jú allt ein keðja; veiðar, vinnsla og markaðssetning. Síðast en ekki síst þarf fyrirtækið að standast samkeppni við erlenda keppinauta úti á markaðnum þar sem samkeppnin fer sífellt vaxandi. Einnig er vert að benda á að helstu keppinautarnir erlendis njóta ríkisstyrkja á meðan íslenskur sjávarútvegur greiðir fyrir afnot af auðlindinni til ríkisins. Ég hef sagt að eðlilegt sé

að greiða fyrir aðganginn að auðlindinni þó að mér finnst gjaldið alltof hátt og lítið af því skili sér til baka út á landsbyggðina þar sem starfsemin á sér stað,“ segir í fréttatilkynningu frá HG.

Einar tekur einnig fram að alltaf sé viss áhætta við svo stóra fjárfestingu. „Við erum vel meðvituð um áhættuna samfara breytingum á afkastagetu fiskistofna, en vitum minna um aðra áhættuþætti, þar á ég við endurskoðun og breytingu á stjórnkerfi fiskveiða og mikla hækkun veiðigjalda. Þetta er mikil fjárfesting til langs tíma og því mikilvægt við slíka ákvörðunartöku að hafa fyrirsjáanleika, geta treyst því að rekstrargrundvelli verði ekki kippt undan rekstrinum á augabragði,“ segir Einar Valur Kristjánsson.

– smari@bb.is

Orkusparnaður og aukinn ferskleiki stóra málið með nýju skipi

Nýtt skip Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. byggir undir landvinnslu fyrirtækisins. Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG, segir að þróunin í sjávarútvegi verði áframhaldandi áhersla á ferskleika afurðanna og aukin gæði í landvinnslunni. HG gerir út þrjá togara í dag, ísfisktogarana Pál Pálsson ÍS og Stefni ÍS og frystitogarann Júlíus Geirmundsson ÍS. Nýtt skip mun að öllum líkindum leysa Pál Pálsson af hólmi. Einar Valur segir ekki tímabært að tala um hvort að Stefni verði einnig lagt. Hann segir að stóra málið í þessu sé orkusparnaður. Í máli Sverris Péturssonar, útgerðarstjóra HG, á kynningarfundi um nýsmíðina kom fram að miðað við 30 tonna togspyrnu sé olíukostnaður Páls Pálssonar 1,6 milljónir króna á

dagen á nýju skipi 1 milljón króna.

Gríðarstór skrófa er á nýja togaranum, 4,7 m í þvermál samborið við 2,8 m á Páli. Þessi útfærsla á skrófubúnaði er nýlunda og er hugarfóstur Sævars Birgissonar, skipatæknifræðings hjá Skipasýn en hann er yfirhönnuður skipsins. Sævar er Ísfríðingur um að góðu kunnur en hann var á árum áður framkvæmdastjóri Skipasmíðastöðvar Marzellúsar. Undir skipinu er kjölur til að auka aðstreymi að skrófunni og er vélin ofan í kilinum. Með þessari gríðarstóru skrófu og góðu aðstreymi að henni næst fram mikill orkusparnaður. Nýja skipið getur dregið tvö troll og sem dæmi um togkraftinn og orkunotkun má nefna að það getur dregið trollin af bæði Stefni og Páli án og eyðir þá ekki meiri olíu en Páll með

eitt troll.

Ísfisktogarar HG landa að jafnaði tvisvar í viku og Einar Valur sér fyrir sér að löndunardögum fjölgi enn frekar í framtíðinni. Markaðurinn kallar sífellt á ferskara hráefni. Páll Pálsson var smíðaður í Japan árið 1972 og er því kominn á fimmtugsaldurinn. Hann var lengdur 1987 og sett í hann ný vél og ný brú. Árið 1998 var sett nýtt millidekk í skipið með krapakerfi til kælingar á fiski og segir Einar Valur að það hafi verið algjör nýmæli á þeim tíma og hafði aldrei fyrr verið gert í flotanum. Framþróun í meðferð afla um borð í skipum hefur fleygt fram á þeim sextán árum sem eru liðin.

Lengi hefur staðið til að endurnýja hluta af skipastól HG. „Það er búið að tala um þetta í fimmtán,

sextán ár en það hafa ekki verið aðstæður fyrr en nú. Við höfum verið að sameinast öðrum fyrirtækjum og kaupa aflaheimildir til að byggja undir reksturinn. Það segir sig sjálft að það er ekki hægt að kaupa nýtt skip nema það séu nægar aflaheimildir fyrir hendi,“ segir Einar Valur.

Hann segir að Júlíus Geirmundsson verði áfram gerður út með því móti sem hann er gerður út í dag. „Þróunin hefur verið að hann veiðir fyrst og fremst grálúðu og karfa. HG á milli 8 og 9 prósent af öllum heimildum í grálúðu. Ísfisktogararnir taka nær allan þorskin og í frystihúsinu vinnum við mest þorsk og ufsa. Ýsan hefur verið unnin hjá Íslandssögu á Suðureyri,“ segir Einar Valur.

– smari@bb.is



FATAMARKAÐUR Í FÉLAGSHEIMILINU HNÍFSDAL

Föstudaginn 13. júní frá kl. 11-19 og
laugardaginn 14. júní frá kl. 11-17

**Fullt af flottum
sumarfatnaði
frá t.d Studio,
Zhenzi, Gozip,
Qneel í Danmörku
og Mat í Grikklandi
í stærðum 36-58**

**Aðhaldsfatnaður
og sokkabuxur**

**Flott úrval af
undirfatnaði frá t.d.
þýsku merkjunum
Triumph og Anita**



Hafnarstæti 99-101 (Amaróhúsinu)
og Glerártorgi Akureyri
Sími 414 9393 og 848 4829

VIÐ STEFNUM Á KVENNAHLAUPIÐ LAUGARDAGINN 14. JÚNÍ



KONUR ERU KONUM BESTAR



SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

14. JÚNÍ 2014

**Ganga eða skokk,
þú ræður hraðanum.**

Þátttökugjald:

12 ára og yngri 1.000 kr.
13 ára og eldri 1.500 kr.

Nánari upplýsingar
á kvennahlaup.is



Hlaupið er á eftirtöldum stöðum á svæðinu:

Ísafjörður: Hlaupið frá Íþróttahúsinu Torfnesi kl. 11. Vegalengdir í boði: 3 – 5 og 7 km. Forskráning í versluninni Jóni og Gunnu, hjá Sjóvá og í versluninni Hlíf.

Bolungarvík: Hlaupið frá Hrafnakletti kl. 11. Upphitun hefst 10.45. Vegalengdir í boði: 2 og 5 km. Forskráning í Samkaupum Bolungarvík föstudaginn 13. júní 15–17.

Súðavík: Hlaupið frá Gamla pósthúsinu kl. 11. Vegalengdir í boði: 1 – 2 og 3 km. Forskráning í Víkurbúðinni.

Suðureyri: Hlaupið frá Íþróttahúsinu á Suðureyri kl. 11. Vegalengdir í boði: 2 og 4 km. Forskráning hjá Þorgerði Karlsdóttur í síma 899 9562.

Flateyri

Hlaupið frá Íþróttahúsinu á Flateyri kl. 11. Vegalengdir í boði: 2,5 km.

Tálknafjörður: Hlaupið frá Íþróttahúsinu kl. 18. föstudaginn 13. júní. Vegalengdir í boði: 1,5 og 5 km. Forskráning á netfanginu mariong@myself.com.

Patreksfjörður: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni Bröttuhlíð kl. 11. Vegalengdir í boði: 1 – 3 og 5 km. Forskráning í Bröttuhlíð á opnunartíma. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Þingeyri: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Þingeyrarodda kl. 11. Vegalengdir í boði: 3 km. Forskráning 12. og 13. júní á Brekkugötu 42.

Bardaströnd: Hlaupið frá Birkimel kl. 20. Forskráning hjá Kristínu Hauks í síma 616-7965.

Borðeyri: Hlaupið verður frá Tangahúsinu á Borðeyri kl. 13. Vegalengdir: 1 – 3 og 5 km. Forskráning hjá Eddu í s: 863-1777 eða á netfangið edduyoga@gmail.com.

Hólmavík: Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík kl. 11. Vegalengdir í boði: 3 – 5 – 7 og 10 km. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Drangsnes: Hlaupið frá Fiskvinnslunni Drangi á Drangsnesi kl. 11. Vegalengdir í boði: Allar mögulegar. Frítt í sund að loknu hlaupi fyrir þátttakendur.



SJÓVÁ

12 júní 1967: Björg Kofoed-Hansen, 18 ára, var fyrst íslenskra kvenna til að varpa sér út úr flugvél í fallhlíf. Þetta gerðist yfir Sandskeiði. Tveim árum áður hafði faðir hennar Agnar Kofoed-Hansen, orðið fyrstur Íslendinga til að stökkva úr fallhlíf héraendis.

12. Júní 1974: Sterkasti jarðskjálftinn í tveggja mánaða skjálftahrinu í Borgarfirði fannst þennan dag. Hann mældist 6,3 stig.

13. júní 1941: Sigurður Jónsson forstjóri bauð ríkinu að taka við Bessastöðum sem gjöf til að vera bústaður æðsta valdmanns íslenska ríkisins. Ríkisstjórnin tók boðinu 18. júní sama ár.

14. júní 1975: Ferjan Smyrill kom til Seyðisfjarðar í fyrsta sinn. Þar með hófust ferju-samgöngur milli Færeyja og Íslands. Norröna tók við af Smyrli árið 1983.

15. júní 1987: Fyrsta uppboð-
ið var á fiskmarkaðinum í
Hafnarfirði. Þótti þetta merk
nýjung í sölu á ferskum fiski.

16. júní 1982: Lögreglan staðfesti að hún hefði lagt hald á 189 kg af maríjúana sem sent var frá Jamaíka. Líklegt þótti að efni hefði átt að fara áfram til Evrópu.

17. júní 1925: Sjúkrahúsið á Ísafirði var vígt. Það var þá talið fullkomnast og vandaðasta sjúkrahús landsins.

17. Júní 1944: Lýðveldishátíðin. Stofnun íslenska ríkisins var formlega lýst yfir á þingfundi á Lögbergi á Þingvöllum. Sveinn Björnsson var kjörinn fyrsti forseti Íslands. Hátíðargestir voru um 25 þúsund.

18. júní 1955: Þrír bræður frá Hvítárbakka í Biskupstungum kvæntust þremur systurum frá Austurhlíð í sömu sveit.

Horfur á föstudag:

Austan og suðaustan 5-13 m/s og dálítill rigning en bjartviðri á Norðurlandi. Hiti 10-18 stig, hlýjast fyrir norðan.

Horfur á laugardag:

Suðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s og rigning eða skúrir í flestum landshlutum.

Horfur á sunnudag:

Krossgátan



				Varða	Elskar Bjánaana	Biti	Ræsið	Svarað
	→					↘	↖	←
Jón Steingr.	↓	Hátt uppi	Ánægð			Hellingur		
			Átt			Löskun		
Hljóð-færi								
Meðal								
→			Tota			Afkvæmi		
			Grettum			Hrokafulla Næði		
Bæti					Báran			Totur
Ráðríka								
Lækki					Murrar			
					Samst.			
→				Lesi				Tónn
				Átt Öslaði			↓	Fljótunum Vansæmd
Apa-tegund						Skömm		
						Ami Hreyfing		
Ljómi	→			✓		Pröngina		
Fátæk Óhreinn	↓					Afar Útbía		
→								
Sérhlj.		1000		Tottaði			Tala	Gera hundar
		Eyðing		Skurn			Samst.	
Samst.								✓
Fáláta Orðhvöt			Svíða Mánuð					
Mæra			Mein					
→								
→							Eins	
							Upphr.	
Hvíldi Seðja	↘				Sorg			

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



**Gámapjónusta
Vestfjarða ehf**

TVISTURINN

**2x18 lítra á sleða.
Mál: 31 x 46/36cm**

Sími: 456 3710
gamarvest.is



Lausn á síðustu krossgátu

				A		☺			I	
	⇒	P	I	K	K	A	Ð		↘	
		Ó	N	N		K	N	Á		
		T	A	N	D	U	R		↓	
Jón Steingr.	↓			S	E	F	I	Ó	R	Ó
	L	O	F	T	K	A	S	T	A	L
	E	F	L	A		R	↑	A	G	A
	S	A	U	M	S	S	A	R	A	N
	↓	N	N		M	A	R	Í	N	
	B	E	D	D	A		A		N	Á
Æ	R	I	R		L	O	T	A		M
S	É	R	A	K	A	F	I		L	Á
	F	Á		A		U	R	M	U	L
	↘	F	Y	R	I	R	↘	U	G	G
F	R	O	L	L	A		Í	S	T	A
	Ú	R		N	I	F	L	S	I	Ð
A	M	M	A	N		F	L	A	N	I

Sudoku þrautir

	8						1	
4		6	7	9				
		9	4		2			
						2	3	9
2				8				6
9	6	3						
			2		6	4		
				4	7	8		3
	7						6	

6	1	4	8					
			6	3	9			
	7							
7	2							9
		5				6		
8							1	5
							6	
			5	7	1			
					6	4	9	7

Guðný Stefania kjörin formaður HSV

Guðný Stefania Stefánsdóttir á Ísafirði var kjörin formaður Héraðssambands Vestfirðinga á ársþingi sambandsins sem haldið var í síðustu viku. Hún er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu.

„Ég er þakklát fyrir þann mikla stuðning sem ég fékk og hlakka til að starfa með nýrri stjórn að þeim spennandi verkefnum sem framundan eru. HSV hefur meðal annars sótt um að halda landsmót UMFI 50+ 2016 og kemur í ljós í næstu viku hvort af verður.“

Fengu milljóna króna styrk

Björgunarsveitinni Sæbjörgu á Flateyri var sýndur mikill sómi á sjómannadaginn er sveitinni var færður veglegur styrkur frá Fiskvinnslunni Arctic Odda ehf., og Útgerðarfélaginu ÍS 47 ehf að upphæð ein milljón króna.

„Framlag og tilvera björgunarsveitarinnar er byggðinni mikilvæg og verður þeim sem í stafni standa seint fullþakkað fyrir framlag sitt til öryggis- og menningarmála. Því ákváðu Arctic Oddi og Útgerðarfélagið ÍS 47 að taka höndum saman og styrkja sveitina og sýna þannig í verki það þakklæti og þann stuðning sem sveitinni ber. Við vonum að styrkurinn efli enn frekar þeirra góða starf,“ segir Bryndís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Arctic Odda.

LRÓ fær 700 þúsund á mánuði

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að hækka fjárstuðning sveitarfélagsins við Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar, að því er fram kemur í fundargerð frá 2. júní. Á fundi bæjarráðs þann 19. maí voru lögð fram drög að samstarfssamningi milli sveitarfélagsins og LRÓ.

Málefni skólans hafa lengi verið til umræðu og samþykkti bæjrarstjórn um miðjan október á síðasta ári að taka upp úthlutun fjárfrahlaga til tónlistarskóla með úthlutunarlíkani sem byggir á nemendaígildum. Úthlutunarlíkanið er nánast tilbúið, að því er segir í minnisblaði Margrétar Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, en taka þarf ákvörðun um minniháttar atriði.

smáar

Til sölu er lítið notaður Yamaha utanborðsmótor. 5 hp. Uppl. í síma 438 1427 og 898 3593.

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
Grundarstíg 5
415 Bolungarvík
450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N **Sjóvinnufatnaður**
Stígvél og vettlingar
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

Öll almenn húsmíði
Bolungarvík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB **STARFSMAÐUR ÓSKAST**
SINDRAGÖTU 3
SÍMI: 456-3033

Óskum að ráða starfsmann á skrifstofu í 50% starf. Vinnutími frá 8:00 - 12:00
Upplýsingar gefur Margrét Rakel á Bílaverkstæði SB Sindragötu 3, Ísafirði eða í síma 864 2079

Kampi EHF
Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HG **HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.**
- spjálfræðing stjórnaðlunda

NIVEA

AAAAhhh

EINSTAKLEGA KÆLANDI
SÓLARVÖRN

NÝTT
NJÓTTU FYRSTU NIVEA
SÓLARVARNARINNAR **SEM KÆLIR**

